Norðurlandaráð

A 1833/velfærd

Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit Norrænu velferðarnefndarinnar um

þingmannatillögu um merkingar á dýralyfjum með blindraletri

Tillaga

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að þær vinni að því að hefja samráð við starfsgreinasamtök fyrirtækja sem markaðssetja og selja dýralyf um að innleiða valfrjálsa merkingu á umbúðum dýralyfja með blindraletri svo að blindir og sjónskertir geti greint innihald þeirra,

að þær hefji í sameiningu samráð við framkvæmdastjórn ESB með það fyrir augum að hvetja hana til að leggja fram tillögu til breytingar á reglugerð 2019/6 svo að hægt verði að gera kröfu um merkingu dýralyfja með blindraletri.

Samkvæmt gildandi reglum Evrópusambandsins er skylt að merkja lyf fyrir menn með blindraletri en reglurnar leyfa ekki að gert sé að skyldu að merkja dýralyf á sama hátt.

Skýring

Eins og mál standa nú verða blindir og sjónskertir fyrir óréttlætanlegri mismunun þar sem þeir geta ekki keypt dýralyf án aðstoðar. Það þýðir til dæmis að þeir sem reiða sig á blindrahund geta ekki lesið leiðbeiningar um lyfjagjöf og -notkun eða upplýsingar um innihald og styrkleika sem er að finna á lyfjaumbúðum.

Norrænt frelsi telur þessa mismunun stríða gegn t.a.m. 1. gr. Sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi sem hljóðar svo: „Mannleg reisn er friðhelg. Skylt er að virða hana og vernda." Í skýringu kemur fram að „viðurkenning þess að allir séu jafnbornir til virðingar og óafsalanlegra réttinda er undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum".

Enn fremur vísar Norrænt frelsi til 26. gr. sama sáttmála um aðlögun fatlaðra að samfélaginu þar sem segir: „Sambandið viðurkennir og virðir rétt fatlaðra til að njóta góðs af ráðstöfunum sem ætlað er að tryggja þeim sjálfstæði, þátttöku í félags- og atvinnulífi og í samfélaginu."

Merking dýralyfja með blindraletri mun einmitt stuðla að því að tryggja bæði sjálfsforræði og reisn blindra og sjónskertra og gera þeim kleift að kaupa dýralyf án aðstoðar og þar með tryggja sjálfstæði þeirra gagnvart þeim sem sjá.

Á grundvelli þessa kallar Norrænt frelsi í fyrstu atrennu eftir því að ríkisstjórnir Norðurlanda vinni að því að koma á valfrjálsu kerfi um leið og leitað verði eftir viðræðum við framkvæmdastjórn ESB um að tryggja að blindum og sjónskertum sé ekki mismunað að óþörfu.

Sjónarmið nefndarinnar
Breið samstaða var um tillöguna í nefndinni og stuðningur við að hún næði fram að ganga. Blindir og sjónskertir eiga að hafa jafngóðan aðgang og aðrir að upplýsingum um dýralyf.

Sjónskertir og blindir þurfa í mörgum tilvikum að njóta hjálpar blindrahunds og er einnig af þeirri ástæðu afar mikilvægt að þeir geti kynnt sér innihald umbúða um lyf sem hundurinn þarf á að halda.

Nefndarmenn lýsa því allir stuðningi við þá tillögu að í fyrstu atrennu verði starfsgreinasamtök hvött til að standa fyrir því ótilkvödd að umbúðir dýralyfja verði merktar með blindraletri.

Nefndin hvetur jafnframt til þess að leitað verði eftir viðræðum við Evrópusambandið um að ná fram breytingum á gildandi löggjöf til þess að gera það skylt framvegis að merkja dýralyf með blindraletri, á sama hátt og þegar er bundið í lög að slíkar merkingar verði að vera á lyfjum sem ætluð eru mönnum.

Norðurlöndum, 26. janúar 2021

Bente Stein Mathisen (H)
Eva Lindh (S)
Høgni Hoydal (T)
Ilmari Nurminen (sd)
Inga Sæland (Flf)
Kaisa Juuso (saf)
Liselott Blixt (DF)
Maria Stockhaus (M)
Nina Sandberg (A)
Outi Alanko-Kahiluoto (grænum)
Per-Arne Håkansson (S)
Solveig Horne (FrP)
Solveig Sundbø Abrahamsen (H)